



Umræðuskjal nr. 4/2007

**Drög að reglum um breytingu á reglum nr. 55/2000, um ársreikninga lífeyrissjóða,
með síðari breytingum**

Skjal þetta er sent lífeyrissjóðum til umsagnar. Það er einnig birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (www.fme.is) og er öllum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri fyrir 14. mars 2007.

7. febrúar 2007

Inngangur

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skal Fjármálaeftirlitið setja reglur um reikningsskil lífeyrissjóða að höfðu samráði við reikningsskilaráð. Nýverið beindi nefnd um reikningsskil lífeyrissjóða á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða því til Fjármálaeftirlitsins að gerðar yrðu breytingar á reglum nr. 55/2000 um reikningsskil lífeyrissjóða. Í breytingatillögunni felst að skuldabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði og hafa þar virka verðmyndun verði færð á markaðsverði. Með breytingunum yrðu reikningsskil lífeyrissjóða færð í átt til alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem gera ráð fyrir að eignir séu almennt færðar á gangverði sé það fyrir hendi. Fjármálaeftirlitið telur rétt að framangreint nái fram að ganga og leggur hér til breytingar á reglunum.

Drög að reglum um breytingu á reglum nr. 55/2000, um ársreikninga lífeyrissjóða, með síðari breytingum

1. gr.

Í stað núverandi 28. gr. V. kafla kemur eftirfarandi grein:

Skuldabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði og hafa þar virka verðmyndun skulu færð á markaðsverði, sbr. 2. mgr. 31. gr. Séu bréfin ætluð til varanlegrar eignar eða hafi bréfin ekki virka verðmyndun á markaði skal færa þau til eignar miðað við þau vaxtakjör sem um var samið þegar bréf var keypt eða mótttekið.

Skuldabréf sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skal færa til eignar miðað við þau vaxtakjör sem um var samið þegar bréf var keypt eða mótttekið, enda séu vaxtakjörin í samræmi við það sem almennt gerist á markaði.

Með varanlegri eign í 1. mgr. er átt að formleg ákvörðun hafi verið tekin um að eiga bréf út líftíma þess. Með virkri verðmyndun í 1. mgr. er átt við að seljanleiki bréfanna sé nægilegur til að hægt sé að selja skuldabréfin hratt og auðveldlega á eðlilegu verði og að fyrir liggi markaðskrafa vegna viðskipta með bréfin sem ekki eru eldri en þriggja mánaða.

Flokkun skráðra skuldabréfa skv. 1. mgr. eftir því hvort þau hafa virka verðmyndun eða ekki eða eru ætluð til varanlegrar eignar skal ekki breytt nema ríkar ástæður liggi þar að baki. Sé ákveðið að bréf skv. 1. mgr. skuli ekki lengur flokkað sem bréf til varanlegrar eignar skal liggja fyrir um það formleg ákvörðunartaka. Sé skipt um aðferð við mat á skráðum skuldabréfum skv. 1 mgr. vegna breyttrar flokkunar skal í skýringum gerð grein fyrir ástæðum þess, viðkomandi bréfum, fjárhæðum og áhrifum á hreina raunávöxtun og vísað til skýringarinnar við viðkomandi lið efnahagsreiknings.

Skuldabréf skal færa með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur skal miða við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok reikningsárs. Skuldabréf í erlendum gjaldmiðli skal færa við kaupgengi gjaldmiðils í lok reikningsárs.

Ef raunvirði skuldabréfs er lægra en bókfært verð þess og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar, t.d. vegna skerts greiðslupóls greiðanda, ber að lækka bókfært verð þess til samræmis við hið lægra verðgildi og skal matsbreytingin færð undir liði 3.6 og 4.3 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Við mat á skuldabréfaeign skal með hæfilegri niðurfærslu taka tillit til þeirrar tapshættu sem kann að vera fyrir hendi á uppgjörssdegi og skal færa niðurfærsluna undir lið 3.8 *Breyting á niðurfærslu* í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

2. gr

Við 17. gr. bætist svohljóðandi ný málsgrein sem verður 13. mgr.:

Í skýringum skal birta sundurliðun á skráðum og óskráðum skuldabréfum skv. lið 2.3.2 *Verðbréf með föstum tekjum*. Skráð verðbréf skal sundurliða eftir því hvort bréfin eru færð á kostnaðarverði eða markaðsverði, sbr. 25. gr. Í sundurliðun yfir skráð bréf skal koma fram sá hluti sem færður er á kaupverði vegna þess að bréfin eru ætluð til varanlegrar eignar og sá hluti sem færður er á kaupverði vegna þess að ekki er virk verðmyndun á markaði, sbr. 1. mgr. 28. gr.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 40. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 7. febrúar 2007

FJÁRMÁLAEFTIRLITID